

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 4. nóv.** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 9. nóv.** Fundur í Ungmennaráði
- 11. nóv.** Fundur í forvarnarteymi
- 12. nóv.** Fundur í verkefnishóp um Fjölmenningsstefnu
- 12. nóv.** Fundur í forvarnarverkefni 16-18 ára
- 12. nóv.** Fundur menningarfulltrúa á Suðurnesjum
- 16. nóv.** Fundur hjá Samsuð
- 20. nóv.** Fundur á frístunda- og menningarsviði
- 23. nóv.** Opinn undirbúningsfundur vegna Menningarviku 2016
- 24. nóv.** Forvarnarfundur með Fjölbrotaskóla Suðurnesja
- 30. nóv.** Fundur hjá Samsuð
- 2. des.** Fyrirlestur/námskeið um núvítund í Gjánni.
- 2. des.** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 4. des.** Hæfileika- og söngvakeppni Samsuð verður í Stapanum



GRINDAVÍKURBÆR

Miðstöð og hjarta íþróttalífs í Grindavík

Óhætt er að segja að starfsemi í nýrri íþróttamiðstöð sem vígð var 17. okt. síðastliðinn sé í blóma. Nýtt og rúmgott sameiginlegt anddyri hefur staðið undir væntingum sem miðstöð og hjarta íþróttalífs í Grindavík en þar er mikið líf og fjör þessa dagana. Segja má að íþróttamiðstöðin iðar af lífi frá morgni til kvölds. Þarna eru nemendur, gestir í líkamsrækt og sundlaug, iðkendur á öllum aldri í ýmsum íþróttagreinum og gestir á íþróttaviðburðum í íþróttahúsinu. Þá er nýting og útleiga á Gjánni, félags-miðstöð UMFG og Kvenfélags Grindavíkur sífellt að aukast en þeir sem vilja leigja salinn geta haft samband við starfsmann UMFG.

Á næstunni verður sett upp aðgangsstýrihlíð inn í líkamsræktarstöðina. Allir sem fara þangað inn verða því að fá nýtt aðgangskort í afgreiðslunni en það verður auglýst sérstaklega þegar hliðin verða komin í gagn. Jafnframt verður aðalinngangurinn sunnan megin en lokað verður fyrir aðgang í gömlu sundlaugarbygginguna, nema fyrir þá sem hafa aðgangskort í líkamsræktina, þeir komast



þangað inn á kortinu. Fjöldi fólks mætti við vígslu nýja íþróttamannvirkisins. Þar var skemmtileg dagskrá frá kl. 15:00 þar sem íþróttamiðstöðin í heild sinni, þ.e. Gjánni, líkamsræktin, sundlaugin, íþróttasalurinn og gamla anddyrið voru nýtt fyrir íþróttaiðkun og alls herjar veisluhöld. Róbert Ragnarsson bæjarstjóri, Sigurður Enoksson formaður UMFG og Sólveig Ólafsdóttir formaður Kvenfélags Grindavíkur klipptu á vígsluborðann í tilefni dagsins. Þá var boðið upp á veitingar í Gjánni fyrir gesti og gangandi. Þá er torgið við aðalinngang íþróttamiðstöðvarinnar einnig hið glæsi-

legasta. Meginmarkmið hönnunar á torginu eru að skapa aðlaðandi og fjölnota aðkomu að nýrri íþróttamiðstöð Grindavíkur. Við vígsluathöfn á nýju íþróttamannvirki skrifaði Grindavíkurbær undir samstarfssamninga við UMFG, Kvenfélag Grindavíkur, Golfklúbb Grindavíkur og Hestamannafélagið Brimfaxa sem gilda til ársloka 2018. Við sama tilefni var skrifað undir Íþróttastefnu Grindavíkur sem gildir frá 2015-2020. Unnið er að því að lagfæra galla sem hafa komið í ljós eftir að byggingin var tekin í notkun og eru vonir bundnar við að það verði gert á næstu vikum.

Sameiginlegt jólaball fyrir alla krakka í Grindavík

Margir Grindavíkingar muna eftir jólaböllunum fyrir krakkana sem haldin voru í Festi hér á árum áður. Nú hefur verið ákveðið að endurvekja þau og halda í Gjánni. Það eru Sjómannafélag og vélstjórafélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag

Grindavíkur og Grindavíkurbæjar sem standa sameiginlega að jólaballinu og ætla þau að leggja metnað í að hafa það sem glæsilegast. Jólaball Grindavíkur 2015 verður haldið í Gjánni sunnudaginn 27. desember kl. 15-17 fyrir alla krakka.

Söngkonan góðkunna Helga Möller sér um jólalögin, jólasveinar kíkja í heimsókn með góðgæti, dansað verður í kringum jólatré og foreldrarir geta fengið sér köku. Nánar auglýst síðar í Járngerði og á netmiðlum.

Sameiginlegur fræðslu- fundur hjá starfsfólki félagsmiðstöðva á Suðurnesjum

Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum (SAMSUD) verða með sameiginlegan fræðslufund fimmtudaginn 26. nóvember n.k. kl. 19-21 í Fjörheimum í Reykjanesbæ. Farið í hópefli og yfir skyldur starfsfólks og ábyrgð í félagsmiðstöðvum.

Járngerður í undirbúningi

Fjórða og síðasta fréttabréf bæjarins í ár, Járngerður, er í undirbúningi og kemur út í desember. Alltaf er pláss fyrir góðar hugmyndir um fróðlegt og skemmtilegt efni. Sendið línu á: thorsteinng@grindavik.is eða siggeir@grindavik.is

Búið að lagfæra aparólu

Upp á síðkastið hefur verið unnið að lagfæringum á aparólunni við Grunnskóla Grindavíkur sem er hluti af ungmennagardinum. Söluaðili aparólunnar hefur viðurkennt mistök við hönnunina og því var henni breytt til að fá meiri fallhæð á róluna. Lagfæringunum er lokið og því ætti hún að virka eins og við mátti búast.



GRINDAVÍKURBÆR

Útgefandi: Frístunda- og menningar svið

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.

thorsteinng@grindavik.is

Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á

www.grindavik.is

Opinn undirbúningsfundur fyrir Menningarviku

Opinn undirbúningsfundur fyrir Menningarvikuna á næsta ári verður haldinn mánudaginn 23. nóv. n.k. kl. 20 í fundarsalnum á bæjarskrifstofunum. Allir sem hafa áhuga á

menningu eru velkomnir á fundinn. Sérstök áhersla verður á handverk í sem víðasta skilningi þess orðs og verður vonandi hægt að bjóða upp á ýmis konar námskeið og viðburði og

jafnvel upp á stóran handverksmarkað en allt veltur þetta á þátttöku og áhuga handverksfólks. Einnig verður tónlist, myndlist og ýmislegt fleira í öndvegi. Allir velkomnir.

Bókasafn Grindavíkur komið í jólaskeið

Bókasafnið Grindavíkur er sannarlega komið í jólaskeið og er ýmislegt skemmtilegt framundan bæði fyrir almenna bókasafnsgesti og svo nemendur í Grunnskóla Grindavíkur. Þá streyma jólabækurnar inn og eru Grindvíkingar hvattir til þess að kynna sér úrvalið.

Í desember verður rithöfundaupplestrarkvöld í samstarfi við kaffihúsið Bryggjuna. Rithöfundar sem gefa út bækur fyrir jólin munu mæta og lesa upp úr verkum sínum. Þessi viðburður verður

nánar auglýstur á heimasíðum og fésbókarsíðum.

Þá verður Bókasafn Grindavíkur með upplestur fyrir nemendur í Grunnskóla Grindavíkur, bæði í Hópsskóla og á Ásabraut. Fjórir rithöfundar mæta og lesa upp úr verkum sínum.

Það eru Jenný Kolsöe sem les upp í Hópsskóla, Hilmar Örn Óskarsson sem les fyrir 4.-6. bekk, Birgitta Hassel sem les upp fyrir 7. til 10. bekk og Marta Hlín Magnadóttir sem einnig les fyrir 7.-10. bekk.

Verður nemendum safnað saman á sal.

Þá er prófatörn framundan og er háskólafolk minnt á að það hefur aðgang að lesstofum í bókasafninu, bæði á opnunartíma og utan venjulegs opnunartíma. Þeir sem vilja komast í lesstofuna utan opnunartíma geta haft samband við Andreu Ævarsdóttur forstöðumann bókasafnsins.

Þá minnir bókasafnið á laugardagsopnunina en opið er frá kl. 10-14 alla laugardaga.

Fyrirlestur um núvitund í Gjánni 2. desember

Í tengslum við þróunarverkefni um núvitund í skólustarfi í Grindavík verður boðið upp á fyrirlestur og stutt námskeið í núvitund í Gjánni miðvikudaginn 2. des. n.k. kl. 19:30 og eru ALLIR bæjarbúar velkomnir. Núvitundin er að ryðja sér til rúms alls staðar í heiminum í dag og er frábært tæki til að auka hamingju mannfólksins með því einu að njóta líðandi stundar.

Fyrirlesari er Bryndís Jóna Jónsdóttir, hún hefur lokið MA námi í náms- og starfsráðgjöf með áherslu á fræðslu og starfsánægju, diplóma á masterstigi í

jákvæðri sálfræði og B.ed próf í grunnskólafræðum. Hún hefur starfað í leik, grunn- og framhaldsskólum, lengst af í Flensborgarskólanum. Þar byrjaði hún sem náms- og starfsráðgjafi en hefur sinnt starfi mannauðsstjóra sí sjö ár auk þess að vera verkefnastjóri Heilsueflandi framhaldsskóla og unnið í nánu samstarfi við starfsfólk Embættis landlæknis að því verkefni. Bryndís Jóna hefur sótt námskeið varðandi núvitund bæði hérlendis og erlendis. Sem dæmi má

nefna Teaching training við Bangor háskóla í Wales, námskeið um núvitund og stjórnun (mindful leadership) við Institute for Mindful leadership í NY og hefur hún kennsluréttindi til að kenna .b, sem er breskt námsefni í núvitund fyrir 11-18 ára einstaklinga. Það efni hefur Bryndís Jóna þýtt og kennt í félagi við Helgu Valtýsdóttur og Sunnu Þórarinsdóttur. Bryndís Jóna heldur námskeið og fyrirlestra um núvitund fyrir nemendur, kennara, starfsfólk, stjórnendur og almenning.